

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis  
Skrifstofa Alþingis, nefndasvið  
150 Reykjavík

Reykjavík, 25. nóvember 2019

### **Efni: Umsögn um frumvarp til laga um innheimtu opinberra skatta og gjalda (314. mál)**

Þann 8. nóvember 2019 óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn embættisins um ofangreint þingmál.

Í 16. gr. frumvarpsins kemur fram ný heimild til að afskrifa kröfur vegna þing- og sveitarsjóðsgjalda að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Embættið fagnar lagaheimildinni en telur það álitamál að setja eigi það sem skilyrði að gjaldanda hafi verið synjað um greiðsluaðlögun hjá umboðsmanni skuldara. Greiðsluaðlögun er úrræði sem byggist á lögum nr. 101/2010 (lge.) og er á forræði embættisins. Umsækjendur leggja fram umsókn til umboðsmanns skuldara og þurfa að uppfylla ákveðin skilyrði til að fá umsókn sína samþykkt. Sé umsókn samþykkt hefjast samningaviðræður við kröfuhafa um endurskipulagningu fjárhags viðkomandi með milligöngu embættisins.

Í athugasemdum með 16. gr. frumvarpsins kemur fram að það þyki rétt að gjaldendur hafi reynt greiðsluaðlögun áður en gripið sé til afskriftar. Það sem embættið vill vekja athygli á er að ekki kann að vera að gjaldendur hafi í öllum tilvikum reynt á úrræðið, í framangreindum skilningi, þrátt fyrir að þeir fái synjun umsóknar um greiðsluaðlögun. Einstaklingur getur sótt um greiðsluaðlögun en fengið synjun, þar sem hann sinnir ekki upplýsingabeidnum frá embættinu, t.d. þar sem óskað er eftir nánari upplýsingum eða skýringum um fjárhag. Umsókn viðkomandi er þá synjað á grundvelli b-liðar 1. mgr. 6. gr. lge., þar sem fyrirleggjandi gögn gefa ekki nægilega glögga mynd af fjárhag skuldara. Í ákveðnum málum er sá möguleiki til staðar að hægt hefði verið að samþykkja umsóknina ef upplýsingarnar hefðu verið veittar.


Þá getur slíkt skilyrði 16. gr. frumvarpsins verið ósanngjarnt gagnvart þeim einstaklingum sem fá samþykki til að leita greiðsluaðlögunar en frjálssar samningaviðræður skila ekki árangri gagnvart öllum kröfuhöfum viðkomandi þannig að samningur næst ekki um greiðsluaðlögun. Í slíkum tilvikum gætu einstaklingar viljað láta reyna á afskriftarheimild ríkisskattstjóra en myndu ekki uppfylla skilyrði þar sem þeir fengu samþykki um greiðsluaðlögun.

Umboðsmaður skuldara vill jafnframt vekja athygli á að embættið kann að leiðbeina einstaklingi að sækja um fjárhagsaðstoð til greiðslu tryggingar fyrir kostnaði vegna gjaldþrotaskipta nr. 9/2014, þar sem greiðsluaðlögun kemur ekki til greina. Úrræði fjárhagsaðstoðar skv. framangreindum lögum er á forræði embættisins og er eingöngu mögulegt ef engar aðrar leiðir eru tækar en gjaldþrotaskipti. Markmið úrræðisins er að aðstoða einstaklinga við að greiða kostnað gjaldþrotaskipta, sem hafa ekki tök á að greiða þann kostnað sjálfir. Ástæðan fyrir því að umsækjanda kann að vera leiðbeint strax í það úrræði er t.d. samsetning skulda, þ.e. viðkomandi skuldar kröfur sem standa utan greiðsluaðlögunar og því myndi heildarendurskipulagning fjárhags ekki nást ef leitað væri greiðsluaðlögunar. Við nánari vinnslu

umsóknar um fjárhagsaðstoð getur svo komið í ljós að viðkomandi uppfyllir ekki skilyrði laganna til að fá umsókn samþykka. Í einhverjum tilvikum gætu umsækjendur viljað leitað afskrifta á grundvelli umrædds ákvæðis í 16. gr., í kjölfar slíkrar synjunar og því vill embættið varpa fram þeirri spurningu, hvort umsækjendur í þeirri stöðu þurfi jafnframt að leita greiðsluaðlögunar að óþörfu, eingöngu til að uppfylla skilyrði ákvæðisins.

Að mati embættisins eru ákveðnir gallar á að tengja afskriftarheimild ríkisskattstjóra á þing- og sveitarsjóðsgjöldum við að umsækjanda hafi verið synjað um úrræði hjá umboðsmanni skuldara. Er það álit embættisins að fella ætti það skilyrði úr ákvæðinu.

Virðingarfyllst,



---

Ásta S. Helgadóttir  
Umboðsmaður skuldara